



Reykjavík, 13. apríl 2026

VEL26040034

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Tímabundin fjölgun rýma á Droplaugarstöðum

Lagt er til að velferðarráð samþykki að heimila tímabundna tvísetningu í hjúkrunarrýmum á Droplaugarstöðum þar sem aðstæður leyfa, í þeim tilgangi að fjölga biðrymum og bregðast við auknu álagi á Landspítala. Gert er ráð fyrir að með þessu megi fjölga rýmum um allt að þrjú til sex, með fyrirvara um mönnun og aðstæður á hverri einingu. Um svokölluð biðrymi væri að ræða. Heimildin gildi í allt að sex mánuði, með möguleika á framlengingu tvisvar sinnum um þrjá mánuði í senn, að mati stjórnenda Droplaugarstaða. Tillagan felur ekki í sér auka kostnað fyrir velferðarsvið.

Greinargerð:

Heilbrigðisráðuneytið, fyrir hönd heilbrigðisráðherra, hefur með erindi dags. 17. febrúar 2026, óskað eftir því við Reykjavíkurborg að gripið verði til tímabundinna ráðstafana til að bregðast við þungri stöðu á Landspítala, meðal annars með fjölgun rýma á hjúkrunarheimilum þar sem aðstæður leyfa.

Á Droplaugarstöðum er mögulegt, við tiltekna aðstæður, að tvísetja í herbergjum. Slík nýting er háð því að hjúkrunarrými losni, að mönnun sé nægjanleg og að aðstæður á viðkomandi einingum séu til þess fallnar. Áætlað er að með þessum hætti megi fjölga rýmum tímabundið um þrjú til sex. Um væri að ræða biðrymi sem nýtt yrðu meðan álag er mikið á Landspítala. Þegar ástand batnar yrðu rýmin aftur nýtt sem almenn hjúkrunarrými í einbýli. Heimildin um tvíbýli væri samþykkt til sex mánaða með heimild til að framlengja allt að tvisvar sinnum um þrjá mánuði sé þess óskað af hálfu heilbrigðisráðuneytis eða Sjúkratrygginga Íslands.

Velferðarsvið leggur áherslu á að um tímabundna neyðarráðstöfun sé að ræða. Almenn er miðað við að íbúar á hjúkrunarheimilum hafi aðgang að einbýli, enda styður það við lífsgæði og velferð þeirra.

Tillagan er sett fram í samræmi við framangreinda beiðni og miðar að því að styðja við samfellu í þjónustu og draga úr álagi á bráðapjónustu.



Reykjavík